

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.10.19
Málalýkill	00.10.0
Mál nr.	1910248

THE SNORRI PROGRAM



Reykjavík 10. október 2019

Erindi: Stuðningur við Snorraverkefnið 2020

Með þessu bréfi óska ég undirrituð eftir stuðningi við framkvæmd Snorraverkefnisins á árinu 2020 en aðkoma sveitarfélaga hefur frá upphafi þess árið 1999 skipt sköpum fyrir verkefnið bæði fjárhags- og framkvæmdalega.

Sumarið 2020 mun 22. hópur ungmenna af íslenskum ættum á aldrinum 18 – 28 ára koma hingað til lands frá Kanada og Bandaríkjunum til að kynnst rótum sínum. Markmið þess er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins og stendur yfir í 5 vikur, eða frá 13. júní – 16. júlí 2020. Húsnæði, fullt fæði, flug, allar ferðir innalands og fjölbreytt dagskrá er innifalin í verkefninu. Dagskráin skiptist í þrjá hluta:

- I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu en einnig er boðið upp á létt kvöld- og helgardagskrá.
- II. Dvöl í tvær vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt.
- III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnþokaplássí vítt og breytt um landið.

Snorraverkefnið hefur verið í samstarfi við Íslendingabók við að útvega ættfræðiupplýsingar um alla þátttakendur. Þannig hafa þátttakendur komist í samband við ættingja sína hér á landi. Verkefnið nýtir sér þessar upplýsingar til að koma þátttakendum í 2 vikna dvöl hjá ættingjum sínum um miðbik verkefnisins.

Þátttaka ungmenna í Snorraverkefninu hefur reynst árangursrík leið til að færa verðmætan menningararf til nýrrar kynslóðar og eru margir orðnir virkir í sínu Íslendingafélagi í Vesturheimi. Þessi arfur er hluti af sögu okkar og menningu sem okkur ber skylda til að varðveita. Auk þess er Snorraverkefnið gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju og íðulega heimsækja ættingjar ungmennanna það svæði sem dvalið var á síðar.

Framlagið er frádráttarbært frá skatti sem styrkur til menningarmála.

Það er von mín að þið getið tekið þátt í þessu jákvæða verkefni með okkur. Ef óskað er frekari upplýsinga um þessa starfsemi verða þær góðfúslega veittar.

Með hlýrri vetrarkveðju. - F.h. stjórnar Snorrasjóðs,

Ástrós Signýjardóttir


Ástrós Signýjardóttir, verkefnisstjóri

THE SNORRI PROGRAM



Snorrahópurinn 2019

Fjórtán ungmenni á aldrinum 19-28 ára tóku þátt að þessu sinni. Allir þátttakendurnir eru afkomendur Vestur-Íslendinga og hafa miklar tengingar við land og þjóð.



Snorra-hópurinn á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar

Þeir staðir sem þátttakendur dvöldu á sumarið 2019 voru: Akureyri, Garðabær, Borgarfjörður, Skagaströnd, Reykjavík, Hvammstangi, Hörgársveit, Svalbarðsströnd og Dalvík. Samtals dvöldu ungmennin 15 hjá 17 fjölskyldum og kynntust daglegu lífi og starfi. Allir þátttakendur voru þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að dvelja hjá ættingjum og endurspegluðu lokaverkefni þeirra mikla gleði og fögnuð yfir að fá að tengjast íslenskum rötum sínum.

Í vikulangri landkynningarferð ferðaðist hópurinn um Snæfellsnes, Vestfirði og Norðurland vestra. Tekið var þátt í 17. júní fögnuði, farið í hestaferð við borgarmörkin og í bátsferð, ásamt fjallgöngu og heimsóknum á söfn og til fyrirtækja. Dagskráin endaði með kvöldstund í Hafnarfirði þar sem þátttakendur kynntu metnaðarfull lokaverkefni sín.

Aðalstyrktaraðilar Snorraverkefnisins eru:

Mennta – og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

Óðinsgötu 7 • 101 Reykjavík
sími 551 0165 • fax 562 8296 • gsm 895 5055
info@snorri.is • www.snorri.is

THE SNORRI PROGRAM



Íslendingabók
Eimskip
Icelandair